

1859.

heim, sem fátækra sjóður eyjanna hefir á leigu í jarðabókarsjóðnum, til þess að byggja nýtt þinghús og fángelsi á eyjunum, og með þeim skilmálum, að borga skal aptur lán þetta á fjórum árum.

Í tilefni af þessu viljum vèr skýra yður frá til þóknanlegrar vitundar og frekari ráðstafana, að af hálfu stjórnarráðsins er ekkert á móti því, að hið umgetna lán verði veitt hreppnum í Vestmannaeyjum með skilmálum þeim, sem liær að framan eru til greindir.

3. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins í 16. febrúar. vesturumdæminu, um afbrot gegn verzlunarlög- unum.

Í bréfi 8. október f. á. hafið þér, herra amtmaður, borið það undir dómsmálastjórnina, hvort lögsækja skuli skipstjóra Sörensen fyrir það, að hann árið 1857 hafi komið við í Ólafsvík, og þar affermt 70 kaffibaunasekki án þess að kaupa þar íslenzkt leiðarbréf, og með þessu brotið gegn verzlunarlögnum.

Vèr viljum nú láta yður vita til frekari auglýsingar, að dómsmálastjórnin leyfir, að lagasókn í þetta skipti megi falla niður, eptir þeim sérlegu ástæðum, sem þér hafið frá skýrt; en að öðru leyti er það sjálfsagt, að skipstjóranum samkvæmt 8. gr. laganna 15. apríl 1854, sbr. aukatekjureglugjörð 10. september 1830, 62. gr., ber að greiða sýslumanninum í Snæfellsness sýslu 4 rd. 80 sk., eður helmíng gjalds þess, sem lögboðið er fyrir að rita á skjöl skipa, og á hann þá á hinn bóginn tilkall til eins mikils hjá sýslumanninum í Ísafjarðar sýslu, E. Þórarinssyni eður dánarbúi hans, þareð sjá má af því, sem þessi embættismaður hefir ritað á leiðarbréfið, að hann hafi fengið 9 rd. 64 sk. fyrir þenna starfa, í stað þess að honum einungis bar helmíng þess, þareð skipið að nokkru leyti var affermt í Ólafsvík.